

2 standi ekki í lyfjaskránni, en af því leiðir aftur, að samkvæmt 2. grein áfengis-
21. jan. bannlaganna má ekki flytja nefnd vín inn, nema lyfjaskránni sje breytt, eða
gefinn sje út viðauki við hana, eða þá samín ný íslensk lyfjaskrá. Það sem um
er að ræða við útkomu þessarar nýju lyfsöluskrár, er aðeins rjettur skilningur
lyfjaskrárinnar eins og hún nú liggur fyrir, en engin afstaða er þarmed tekin
til þeirrar spurningar, sem lækna greinir á um, hvort fleiri eða færri vín sje
naudsynleg til lækninga, eða hvort hins vegar sje rjett að afmá vín með öllu
úr lyfjaskránni.

3 **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á svinum**
9. febr. frá Danmörku.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá kjötkaupmanni M. Frederiksen og
Niels Petersen frá Viðey hjer í bænum um, að þeim verði leyft að flytja hingað
til Reykjavíkur lifandi svín frá Danmörku í því skyni að fita þau hjer og slátra
þeim síðan.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál hefir
stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóvember 1905, sbr. lög nr. 25,
9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að svinin verði flutt hingað til Reykjavíkur beint frá Danmörku, án þess að
koma nokkursstaðar í land á leiðinni,
2. að svinunum fylgi vottorð lögskipaðs dýralæknis í Danmörku um það, að
þau hafi verið fyllilega heilbrigð, er þeim var skipað þar út, og að þau hafi
ekki síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og
Klovesyge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuhe« eða »Svinedifteritis«, og
3. að svinin verði skoðuð hjer af dýralækni og haldið undir hans umsjón ein-
angruðum frá öðrum dýrum.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar.

4 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um þjóðkirkjugjaldskyldu þeirra innflytjenda**
10. febr. í prestakall, er sagt hafa sig inn í utanþjóðkirkjusöfnuð eftir fardagaársbyrjun.

Með brjefi, dags. 27. f. m., hafði þjer, háæruverðugi herra, sent hingað
erindi sóknarprestsins að Görðum á Álftanesi og sóknarnefndar Garða- eða nú
Hafnafjardarsóknar, dags. 16. s. m., innihaldandi eftirfarandi spurningar:

1. Er eigi hver þjóðkirkjumeðlimur, sem inn í sóknir Garða og Bessastada flytur
eftir 6. júní ár hvet, gjaldskyldur til þjóðkirkjunnar og prestlaunasjóds, sem
og til sóknarprests þjóðkirkjusafnaðar, að því er borgun fyrir aukaverk
snertir, það fardagaár, sem yfir stendur fram til næstkomandi 6. júní, enda
þótt hann segi sig úr þjóðkirkjunni einhverntíma á umræddu fardagaári.